

Fundargerð Öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 25. febrúar 2020 að Engjavegi 6 kl. 18.

Mætt voru: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Elsa Kristín Sigurðardóttir (EKS), Erla Sigurðardóttir (ES), Páll Pálsson (PP).

Gestir Tryggvi M Þórðarson og Þrándur Arnþórsson.

Kynning á meðlimum:

Stutt kynning var gerð á mannskapnum sem situr í Öryggisnefnd. Aðilar kynna sig og sinn bakrun tengdan mótorsporti.

Fundarritari:

Erla bauð sig fram.

Aðdragandi:

Farið stuttlega yfir hvernig nefndin varð til. AS og PP sendu sitthvort erindið á stjórn AKÍS s.l. haust þar sem lagt var til að stofna slíka nefnd sem starfaði þvert á greinar. AS var falið að koma með tillögur að reglum fyrir slíka nefnd og voru þær sendar á meðlimi nefndarinnar um leið og tilkynnt var um skipan þeirra. Formleg staðfesting reglnanna bíður ársþings sem verður í mars.

Umræða um verkefnið, áherslur og fyrstu skref:

- Fjallað er um að mikil þörf sé á að hafa öryggisnefnd innan Akís, að það verði gerð ákveðin öryggisáætlun fyrir mótorsport keppnir sem haldnar hér eru á landi.
- Rætt um að verður gerð lagabreyting á þingi í næsta mánuði sem Öryggisnefnd verður sett inni það.
- Hugsum um þetta að vinna með fólki varðandi öryggismál og annað sem þarf í mótorsporti, ekki fara hafa boð og bönn og fá alla upp á móti okkur.
- Við höfum verið frekar heppin hingað til varðandi alvarleg slys , og mun öryggisnefndin koma að því að fyrirbyggja alvarleg slys verða.

Veltibúr : Rætt um að það þyrfti fleiri aðila enn bara stjórn Akís sem kæmi af því máli, líkt og öryggisnefndin gæti gert.

- Farið yfir hversu mikilvægt það er að hafa öryggismál í topp málum.

Þegar talað er við rallýráð, torfæruráð og fleira, þá sé gott að hafa eins og öryggisnefnd sem getur tekið yfir allt.

- Sjúkragæsla á keppnum, þarft að fara vel yfir það , bent á að besta sjúkragæslan sé á Hellu í torfærurni þar sé björgunarsveit kemur að þeim hluta.
- Rætt hvað við getum bætt við ?
- Þörf er að fá aðila úr spinnugreinunum í nefndina til að fá þeirra sjón í öryggismálum.
- Hvernig viljum við byrja ? hittast 8 sinnum á ári og fara yfir málin. Hvað getur nefndin gert til að nýtast sportinu ?

Öryggisnefndin mun geta haldið öryggisnámskeið, keppnishaldarar verða gert meðvitað um hversu mikila fræðslu er þörf á.

Að keppendur fái fyrstu hjálpar kennslu einnig. Fara yfir að það þarf að hafa sjúkragæslu, sjúkrabíl eða björgunarsveit

Öryggisnefndin mun setja saman lágmarks viðbúnað fyrir öryggisgæslu og sjúkragæslu til að halda meigi keppni. Setja inní reglur svipað eins og að það þurfi að vera bráðaliði eða hjúkrunarfræðingur með menntun í slysaveiðbrögðum meðal annars.

- Ítreka á að það þarf að hafa aðgengi fyrir sjúkrabíla, eða það viðbragðslið sem þarf að komast að keppnisvæði.
- Þörf er á að passa að láta ekki kostnaðin alltaf stoppa mannskap í almennri sjúkragæslu / öryggisgæslu. Hvað getum við gert ?

Farið yfir sjúkragæslu í torfæru, það er alltaf sjúkrabíll eða sjúkragæsla til staðar, keppni stöðvast ef að sjúkrabíll þarf að fara á svæðinu og ekki keyrt fyrr enn hann kemur aftur.

- Farið yfir rallyið hvað það þarf að hafa betri sjúkragæslu/öryggisgæslu.

Velt er fyrir hvort Akís gæti komið af því að styrkja klúbbana í því að niðurgreiða þá í að hafa sjúkragæslu í lagi. Það hefur verið að ske að klúbbanir hafa ekki geta borgað eða týmt að borga fyrir almenna sjúkragæslu í rallycrossi til dæmis.

- Rætt er um hvort að Akís gæti ekki fengið styrki eða eithvað álíkað svo við getum alltaf haft sjúkrabíl á hverri einustu keppni svo öryggismál verði í topp málum. Hvort einhver af hinu opinberu gætu styrkt Akís t.d. með pening í þetta sem væri eyrnamerkt þessu.
- Hestamenn eru með 65 milj kr á ári og mun hækka eftir 2 ár í 80 milj sem fer í hestavegi á vegum vegagerðarinnar. Rætt um hvort að það sé ekki eithvað sem við gætum gert til að komast á samning eins og hestamenn hjá ríkinu á vegum vegagerðarinnar.
- Á næsta aðalfundi á að breyta reglum Akís , fara í búnað ökumanna, öryggismál.
- Tryggvi kemur inná öryggismál hjá Danmerkur í rally ráði þá sé 250 bls bæklingur hvernig allt er gert, skref fyrir skref.
- Að það fyrsta sem við gætum gert í öryggisnefnd 10 punkta öryggisreglur sem eru ekki flóknaðar sem allir geta farið eftir. Spurt hvort við getum gert það fyrir 1 maí 2020 og sett það ? eða þörf á að gera það eftir sumarið og tekið fyrir næsta keppnistímabil.
- Öryggisfulltrúi á alltaf að vera í hverri keppni, skoðunarmaður einnig. Þeir koma ekki að neinu öðru í keppninni. Öryggisfulltrúi hefur mikil völd, getur tekið fram fyrir hendurnar á keppnisstjóra ef þess er þörf.

Vakin er áhyggjur af ef ökumaður rotast t.d. í torfærubíl og bílinn fari í botni inní mannfjöldan , hvað er hægt að gera? ekkert ? bara slys ?

Rætt einnig um tímabrautinar koma upp í brekkur sem áhörfendur eru , það sé full hættulegt og eigi ekki að vera þar. Rætt um að tímabraut eigi ekki heima í torfærukeppni.

Niðurstaða:

- Fyrsta áhersla er á að keppnishaldarar hugi sérstaklega að fyrstu viðbrögðum við slysum ásamt útkallstíma og aðgengi sjúkrabíla.
- Gera sniðmát að öryggisáætlun fyrir keppnir sem sent verði á keppnishaldara.
- Fara af stað með fræðslu til keppenda um öryggismál og notkun öryggisbúnaðar, ásamt e.t.v. fyrstu hjálpi.

Erindi vegna útkalls:

Stjórn AKÍS sendi nefndinni til upplýsingar hve langan tíma hefið gengið að fá sendan sjúkarabíl að rallýkrossbrautinni í Hafnarfirði s.l. haust.

Umræða um þetta fléttaðist inn í almenna umræðu, sjá næsta lið á undan.

Annað:

Ákveðið að Þrándur búi til lokaðan hóp inná Facebook þar sem nefndin getur skipst á skoðunum og unnið mál áfram.

Næsti fundur eftir ársþing.

Fundi slitið kl. 20.10

Fundargerð ritaði Erla / Aðalsteinn